



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um áhuga grunnskóla í Reykjavík á verkefninu Kveikjum neistann

Á fundi borgarráðs, 27. apríl 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Hvað hafa margir grunnskólar í Reykjavík sýnt verkefninu kveikjum neistann áhuga og hafa haft samband við skóla- og frístundasviðs vegna þess? Kveikjum neistann er rannsóknar- og þróunarverkefni sem Grunnskóli Vestmannaeyja tekur þátt í og hefur verið í gangi með nemendum í bráðum tvö ár. Þau Hermundur Sigmundsson prófessor við NTNU og HÍ og Svava Þ. Hjaltalín sérkennari og læsisfræðingur eiga veg og vanda af verkefninu sem er í umsjá Rannsóknarseturs um menntun og hugarfarar við HÍ. Markmið kveikjum neistann er metnaðarfullt. Eitt af þeim er að 80-90% barna teljist læs við lok 2. bekkjar og er árangur mældur út frá einföldu stöðumati sem nefnist LÆS. Kennir er eftir hljóðaaðferðinni, eftirfylgni er góð og einstakir þjálfunartímar þar sem öll börnin fá réttar áskoranir. Stundatöflu hefur verið breytt, dagurinn einfaldaður, hreyfing aukin og settir inn ástríðutímar sem vekja gríðarlega lukku. Fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt það til í borgarstjórn að skóla- og frístundasvið skoði að innleiða þetta verkefni í reykvíska grunnskóla en tillagan fékk ekki hljómgrunn. Um er að ræða gott verkefni sem er líklegt að skili árangri.

Svar:

Til þessa hefur enginn grunnskóli í Reykjavík né einstaka kennarar í grunnskólum borgarinnar haft samband við skrifstofu skóla- og frístundasviðs og lýst yfir áhuga á verkefninu *Kveikjum neistann* sem Grunnskóli Vestmannaeyja hefur tekið þátt í ásamt Rannsóknarsetri um menntun og hugarfarar við HÍ.

Við að afla svara við fyrirspurninni var einnig haft samband við starfsfólk Miðju máls og læsis (MML) sem hefur heldur ekki orðið vart við að grunnskólar í Reykjavík né einstaka kennarar hafi lýst yfir áhuga á þessu verkefni. Jafnframt var haft samband við fagstjóra grunnskólamála á öllum fjórum miðstöðvum borgarinnar og höfðu hvorki grunnskólar í þeirra hverfum né einstaka kennarar lýst yfir áhuga á Kveikjum neistann verkefninu eða haft samband við fagstjóra grunnskólamála vegna þess.

Þess ber að geta að fjölmargir grunnskólar borgarinnar hafa innleitt kennsluaðferðir *Byrientalæsis* þar sem áhersla er á kennslu og þjálfun hljóða og bókstafa í upphafi lestrarnámsins ásamt því að vinna með tal, hlustun, lestur og ritun sem eina heild. Sérþækkir þættir tungumálsins, s.s. hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforði og lesskilningur eru jafnframt tengd inn í lestrarferlið. Engjaskóli hefur verið leiðandi í lestrarkennsluaðferð sem kallast



Læsisfimman og er námsskipulag til að þjálfa læsi í fjölbreyttum nemendahópi. Læsisfimman byggir á fjórum grunnstoðum; þekkingu, undirbúningi, kennslu og leiðsögn og er unnið með fjóra meginþætti læsis; lesskilning, nákvæmni, lesfimi og eflingu orðaforða. Að auki má nefna að allmargir skólar í borginni hafa notað PALS aðferðirnar sem eru gagnreyndar aðferðir til að kenna og þjálfa bókstafi og hljóð hjá yngstu nemendum grunnskólans og þjálfa og efla lesfimi og lesskilning hjá nemendum í 2. – 6. bekk. Grunnskólakennarar í borginni hafa því ýmsar aðferðir í sinni verkfærakistu til að kenna og þjálfa lestrarfærni hjá nemendum sínum.